

Til sveitarfélaga

Sent með tölvupósti

Reykjavík, 17. desember 2025

Tilv.: 2411008

Efni: Beiðni um upplýsingar og gögn

1. Samkeppniseftirlitið hefur til rannsóknar hvort Terra umhverfisþjónusta hf. og Kubbur ehf. hafi brotið gegn banni 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins með ólögmætu samráði í tengslum við úrgangspjónustu, s.s. við útboð sveitarfélaga og með markaðsskiptingu eftir svæðum og viðskiptavinum. Einnig er grunur um ólögmæta hagnýta samvinnu fyrirtækjanna í tengslum við útboðin og úrgangspjónustu.¹
2. Rannsókn málsins beinist á þessu stigi að háttsemi umræddra tveggja fyrirtækja á tímabilinu frá og með árinu 2019 til dagsins í dag. Ætluð brot fyrirtækjanna gegn samkeppnislögum eru talin alvarleg og varða þjóðhagslega mikilvægan markað sem snertir almenning allan, sveitarfélög og fyrirtæki landsins.
3. Brot einstaklinga á banni við ólögmætu samráði getur varðar fangelsi eða sektum. Samkvæmt 42. samkeppnislaga er Samkeppniseftirlitinu falið að meta, m.a. með tilliti til grófleika mögulegs brots, hvort sá hluti brots sem varðar refsíabyrgð einstaklings skuli kærður til lögreglu. Með vísan til þessa beindi Samkeppniseftirlitið fyrr á þessu ári kæru til lögreglu vegna tiltekinna einstaklinga. Samhliða rannsókn Samkeppniseftirlitsins á ætluðum brotum hlutaðeigandi fyrirtækja hefur embætti héraðssaksóknara því til rannsóknar meint brot tiltekinna starfsmanna fyrirtækjanna.

Almennt um samráð tengt útboðum

4. Ákvæði 10. gr. samkeppnislaga leggja bann við hvers konar samkeppnishamlandi samstarfi milli fyrirtækja. Undir það geta fallið sérhver bein eða óbein samskipti fyrirtækja sem hafa það að markmiði að raska samkeppni eða hafa slík áhrif í reynd. Byggir ákvæði þetta á þeirri meginreglu samkeppnisréttar að fyrirtæki skuli haga sér með sjálfstæðum hætti á markaði og taka ákvarðanir upp á eigin spýtur.
5. Almennt er einnig rétt að taka hér fram að samráð fyrirtækja í útboðum og markaðsskipting getur tekið á sig ýmsar myndir. Án tillits til þeirra atvika sem nú eru til rannsóknar má sem dæmi nefna þegar fyrirtæki ná saman um að haga þátttöku eða tilboðsgerð í útboðum þannig að hún leiði aðeins til samninga á vissum svæðum og koma þannig á eða viðhalda markaðsskiptingu eftir landsvæðum. Vísbendingar um ólögmætt samráð geta verið af ýmsum toga, s.s. að fyrirtæki skili ekki tilboði eða skili gervitilboði á þeim svæðum sem eru ekki á þeirra skilgreinda svæði. Í gervitilboðum felst að tilboðsgjafar sammælast um eða koma upp ólögmætu ástandi á markaði sem felur í sér hver skuli skila inn hagstæðasta tilboðinu og hinir tilboðsgjafarnir skila þá inn verri tilboðum eða jafnvel óaðgengilegum eða ógildum tilboðum. Samningar um undirverktöku

¹ Sjá einnig frétt á heimasíðu Samkeppniseftirlitsins frá 23. október 2025, <https://www.samkeppni.is/utgafa/frettir/i-tilefni-af-fyrirspurnum-fjolmidla>



kunna einnig að vera hluti af ólögmætu samráði en með slíkum samningum er t.a.m. hægt að launa samstarfsaðila fyrir að falla frá tilboði eða taka ekki þátt í útboði.²

Upplýsingaöflun

6. Við rannsókn mála er samkeppnisyfirvöldum afar mikilvægt að hafa greiðan aðgang að hvers kyns upplýsingum sem gera þeim kleift að leggja rétt mat á aðstæður og háttsemi fyrirtækja. Eftirlit með því að fyrirtæki og samtök þeirra fari að ákvæðum samkeppnislaga er háð því að samkeppnisyfirvöld geti aflað nauðsynlegra upplýsinga og gagna. Samkeppniseftirlitinu er meðal annars af þessum sökum veitt heimild í samkeppnislögum til að óska eftir upplýsingum og gögnum frá öðrum stjórnvöldum og yfirvöldum, óháð þagnarskyldu þeirra, sbr. 3. mgr. 19. gr. samkeppnislaga.
7. Sem liður í umræddri rannsókn telur Samkeppniseftirlitið nauðsynlegt að leita til sveitarfélaga með það að markmiði að þau veiti liðsinni í því að upplýsa, eins og kostur er, um þá háttsemi sem nú er til rannsókna. Í þágu rannsóknar málsins, og með vísan til 3. mgr. 19. gr. samkeppnislaga, óskar Samkeppniseftirlitið eftir því að sveitarfélagið afhendi eftirfarandi upplýsingar og afrit af gögnum. Þess er óskað að svör verði veitt vegna tímabilsins **frá upphafi árs 2019 til dagsins í dag**. Þá er þess óskað að í svörum sé sérstaklega tiltekið hvaða útboði eða samningum upplýsingar eða gögn tengjast, leiði það ekki skýrlega af gögnunum sjálfum.
 - a) Gögn vegna allra útboða um úrgangspjónustu á ofangreindu tímabili, nánar tiltekið:
 - (i) Útboðslýsing.
 - (ii) Fyrirspurnir bjóðenda og svör.
 - (iii) Tilboð og öll fylgiskjöl, s.s. tilboðsskrár.
 - (iv) Opunarskýrslur.
 - (v) Tilkynningar um val tilboðs.
 - (vi) Tilkynningar um töku tilboðs.
 - (vii) Tilkynningar sem hafa verið sendar í Stjórnartíðindi Evrópusambandsins (TED), þ.e. útboðsauglýsing, tilkynning um breytingu á gerð samnings og tilkynning um samningsgerð.
 - (viii) Önnur gögn eða upplýsingar sem tengjast útboðum og hafa þýðingu að mati sveitarfélagsins.
 - b) Afrit af öllum samningum um úrgangspjónustu á tímabilinu. Einnig er þess óskað að sérstaklega sé tilgreint:
 - (i) Hvort samningur hafi komið til í kjölfar útboðs eða ekki, leiði það ekki skýrlega af gögnunum sjálfum.
 - (ii) Hver gildistími þjónustusamnings er, þ.e. á hvaða degi tók þjónustuaðili við verki og hvenær samningstíma lauk.
 - (iii) Hvort þjónustusamningar hafi verið framlengdir. Ef svo er, skal upplýsa um aðdraganda þess, s.s. hvaða aðili óskaði eftir framlengingu, hvort það hafi verið gert á grundvelli heimildar í

² Nánari leiðbeiningar er að finna í álit Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2009 þar sem er að finna gátlista til að forðast ólögmætar samkeppnishindranir við opinber útboð, sbr. einnig leiðbeiningar OECD frá 2025 um varnir gegn samráði í opinberum útboðum. Álit Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2009 og leiðbeiningar OECD frá 11. september 2025 https://www.oecd.org/en/publications/2025/09/oecd-guidelines-for-fighting-bid-rigging-in-public-procurement-2025-update_127880ea/full-report/component-3.html.



samningi, hvort samningurinn hafi verið framlengdur að hluta eða í heild, og til hvaða tíma samningur var framlengdur. Óskað er eftir afriti af samtímagögnum um framangreint, s.s. tölvupóstsamskiptum, viðaukum við samninga, fundargerðum, minnisblöðum o.s.frv.

- (iv) Hverjir eru eða hafa verið í samskiptum við sveitarfélagið fyrir hönd þjónustuaðila. Tilgreina skal nafn, starfstíll og netfang tengiliðs.
- (v) Ef það verður ekki skýrlega ráðið af tilboðsgögnum, er óskað eftir upplýsingum um undirverktöku (nafn og kennitölu viðkomandi) ef slíkt hefur komið til á samningstíma þjónustusamninga á fyrrgreindu tímabili. Óskað er eftir afriti af öllum samtímagögnum um undirverktöku, s.s. tölvupósta, fundargerðir, minnisblöð, glærukynningar o.s.frv. sem sýna aðdraganda þess og upplýsingar um framkvæmd undirverktöku, þ.e. hvaða hluta samnings undirverktaki framkvæmir.
- (vi) Hvort sveitarfélagið hafi að öðru leyti vitneskju um að annar aðili en þjónustuaðili hafi komið með reglubundnum hætti að framkvæmd verks á samningstíma þess. Óskað er eftir afriti af samtímagögnum um þetta, s.s. tölvupóstsamskiptum, viðaukum við samninga, fundargerðum, minnisblöðum o.s.frv. sem sýna aðdraganda þess og upplýsingar um framkvæmd þessa og umfang.
- (vii) Ef við á, hvort breytingar hafi verið gerðar á samningum, s.s. breytingar á þjónustuaðila eða undirverktaka. Óskað er eftir afriti af samtímagögnum um þetta, s.s. tölvupóstsamskiptum, viðaukum við samninga, fundargerðum, minnisblöðum o.s.frv.
- (viii) Hvort sveitarfélagið hafi gert einhverjar athugasemdir við framkvæmd þjónustuaðila á keyptri þjónustu. Óskað er eftir afriti af samtímagögnum um þetta, s.s. tölvupóstsamskiptum, viðaukum við samninga, fundargerðum, minnisblöðum o.s.frv.
- (ix) Ef við á, hvort komið hafi til uppsagnar eða riftunar á samningi við þjónustuaðila eða undirverktaka. Óskað er eftir afriti af samtímagögnum um þetta, s.s. tölvupóstsamskiptum, viðaukum við samninga, fundargerðum, minnisblöðum o.s.frv.

- c) Afrit af öllum minnisblöðum sem kunna að liggja fyrir tengd útboðum eða þjónustusamningum um úrgangspjónustu á tímabilinu, hvort sem þau eru rituð af hálfu sveitarfélagsins eða annarra.
- d) Afrit af öllum fundargerðum sveitarfélagsins, hvort sem vegna funda tiltekinna nefnda, bæjarstjórnar, bæjarráðs eða annarra, þar sem útboð vegna úrgangspjónustu á tilgreindu tímabili og tengd mál hafa verið rædd, s.s. framkvæmd þjónustusamnings. Einnig er óskað eftir afriti af öllum viðeigandi gögnum sem kunna að hafa verið tekin til umfjöllunar eða hafa legið fyrir á slíkum fundum.
- e) Tilgreinið árlegan heildarkostnað sveitarfélagsins (með vsk.) vegna kaupa á úrgangspjónustu eftirtalin ár; 2019, 2020, 2021, 2022, 2023, 2024 og 2025, ásamt upplýsingum um þjónustuaðila. Óskað er eftir að upplýsingarnar séu fylltar út í meðfylgjandi Excel-skjal og að fjárhæðir séu tilgreindar í milljónum króna.
- f) Þá er sveitarfélaginu veitt tækifæri til þess að tjá sig að öðru leyti um rannsóknarefnið og afhenda önnur gögn eða upplýsingar um hvaðeina sem sveitarfélagið telur að kunni að skipta máli.


8. Um heimild Samkeppniseftirlitsins til að afla upplýsinga vegna málsmeðferðar, og skyldu sveitarfélaga til að afhenda umbeðnar upplýsingar, vísast til fyrrnefndrar 19. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Umbeðnar upplýsingar og gögn skal senda á netfangið gogn@samkeppni. Hægt er að óska trúnaðar um heild eða að hluta upplýsinganna, skal það þá tekið fram í svari fyrirtækisins. Sé óskað trúnaðar að hluta biður



Samkeppniseftirlitið um að upplýsingar berist með og án trúnaðar þar sem viðkvæmar upplýsingar hafa þá verið brottfelldar.

9. Frestur til að skila inn umbeðnum upplýsingum, gögnum og sjónarmiðum er til **4. febrúar 2026**.
10. Vinsamlega hafið samband við undirritaða sé óskað frekari upplýsinga eða skýringa vegna þessa bréfs með því að senda tölvupóst á netfangið snaedis.b.agnarsdottir@samkeppni.is.

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið


Snædis Björt Agnarsdóttir

Fylgiskjal:

1. Excel-skjal til útfyllingar vegna spurningar 7 e)

Samkeppniseftirlitið óskar eftir upplýsingum um árlegan heildarkostnað sveitarfélagsins vegna kaupa á úrgangspjónustu árin 2019, 2020, 2021, 2022, 2023, 2024, 2025, sbr. spurning 7 e). Vinsamlegast tilgreinið fjárhæðir í milljónum króna. Ef samningsskipti urðu á miðju ári, vinsamlegast skiptið kostnaðinum niður á fyrirtæki A og fyrirtæki B og tilgreinið hvaða fyrirtæki um ræðir.

Vinsamlegast fyllið út í gula reiti. Gráir reitir skulu útfylltir, eftir því sem við á, ef skipti hafa orðið á þjónustuaðila á viðkomandi ári.

Ár	Heildarkostnaður (m. vsk)	Heildarkostnaður til fyrirtækis A	Heildarkostnaður til fyrirtækis B	Nafn fyrirtækis A	Nafn fyrirtækis B	Dags. skipti á þjónustuaðila
2019						
2020						
2021						
2022						
2023						
2024						
2025						